

Líf og list



Umsjón:
Magdalena Schram

Þrennir Skálholts-tónleikar um helgina



Um Verslunarmannahelgina, sem nú fer í hönd, er mikið um að vera í tónlistarlífi landsmanna og bera þar sem oft áður dægurtónlistarmenn drjúgan hlut frá borði, enda spila þeir í nær hverju einasta samkomuhúsi landsins næstu kvöld. En unnendur annars konar tónlistar (þorir einhver að segja æðri tónlistar?) þurfa þó ekki að láta sér nægja dansmúsík, því sem oftar verða tónleikar í


Manuela Wiesler

Skálholtskirkju bæði laugardag, sunnudag og mánudag.

Það eru þær Manuela Wiesler, flautuleikari og Helga Ingólfssdóttir ir samballeikari, sem leika í kirkjunni í Skálholti og hefjast allir tónleikarnir kl. 15. Þær leika verk eftir Bach, Handel og Telemann. Þetta er orðið sjötta árið, sem tónleikahald er í Skálholti og óhætt að fullyrða að sú starfsemi sé fagnabarefni öllum sem á hlyða.

Ms

Helga Ingólfssdóttir



Ameríska kvikmynda-vikan

Dagskráin í dag, föstudag:

KL. 3 — No Maps on my Taps (Stepp) No Lies (Engar lygar um nauðgun) The Flight of the Gossamer Condor (Flug kondórsins frá Gossamer)

kl. 5 — On the Road with Duke (Duke Ellington)

kl. 7 — Amerika lost and found (Ameríka — tapað fundið) Frumsýning. Cuts (Högg). Frumsýning. Gerð 1079 af Charles Gustafsson. Um skógarhöggssfólk, um bónusvinnu, slyshættuna, atvinnusjúkdóma, en um leið um aðdráttarafið sem þessi atvinna virðist hafa.

kl. 9 — The Last of the Blue Devils (Síðasti blái djöfullinn).

kl. 11 — Harlan County USA (Harlan hérað USA)

Dagurinn í dag er síðasti dagur kvikmyndavikunnar.

Ms

SUNGIÐ FYRIR VINABÆI

Samkór Kópavogs fór í vinarbærheimsóknir til þriggja vinarbæja Kópavogs í júní s.l., Odense í Danmörku, Mariuhafnar á Alandseyjum og Norrköping í Svíþjóð. Kórinn hélt margar söngskemmtanir í ferðinni. Sungið var á elliheimium, kirkjum, útihátíðum og jafnvel um borð í gömlu seglskipi. Alls staðar hlaut kórinn góðar undirtektir og einkum vöktu íslensku þjóðlög á athygli. Kórsins var getið í blöðum af hlyhug og vinsemd.

Stjórnandi kórsins var Kristín Jóhannesdóttir, og undirleikari Jónína Gísladóttir. Ingveldur

Hjaltsted söngkona var einnig með í förinni, en farastjóri var Hjálmar Ólafsson. Formaður kórsins er Sigríður Gunnlaugsdóttir.

Ms.



Kórfélagar bregða á leik á Jónsmessunótt í Alandseyjum.

FYRSTA SÝNINGIN Í HEIMALANDINU



Þrjár nýjar sýningar verða opnaðar á Kjarvalsstöðum á morgun, laugardag. Þeir Sigtús Halldórsson og Sveinn Björnsson sýna málverk, í sitt hvorum salnum, en Nina Gautadóttir sýnir teppi á göngum hússins.

Nina Gautadóttir hefur verið

Nina var að hengja teppin upp, þegar ljósmyndarinn bar að garði, þetta ber heitið Nú er frost á Fróni. (Ljós. Jens)

Ms

búsett í París undanfarin 10 ár, en þangað fór hún til náms í Lista-háskólann. Þetta er í fyrsta skiptið, sem hún sýnir hér heima. „Maður verður að sýna fram á einhvern árangur eftir lán og styrki til námsins“ sagði hún og hló við. Annars hefur Nina sýnt í París við góðan orðstír.

Að Kjarvalsstöðum sýnir hún um 15 teppi, sem öll eru gerð úr netapráðum, „það er alveg nóg úrval af þeim í París!“

Úr álögum

Listasafn Einars Jónssonar hefur látið prenta kort af höggmynd Einars Jónssonar, „Úr álögum“, sem hann gerði á árunum 1916-1927. Kortid er til sölu í

Listasafninu. Ljósmyndina tók Vigfús Sigurgeirsson og Gutenberg prentaði. Fyrir skömmu lét Listasafnið gera veggspjald af sömu höggmynd og er það einnig til sölu í safninu.

Listasafn Einars Jónssonar er opið yfir sumarmánuðina alla daga nema mánudaga, kl. 13.30-16.

Ms

Sænskur kór í Bústaðakirkju

Sænskur kvennakór frá Seattle í Bandaríkjunum heldur tónleika í Bústaðakirkju á morgun, laugardag kl. 5.

Kórinn kemur hingað á leið í

tónleikaferð um Danmörk og Svíþjóð. Einsöngvari með kórnum er dr. Edward Pálmi Pálmason. Hann er lækni að mennt og starfi en hefur lagt stund á söng, m.a.

sungið á skandinaviskum tónlistarháttum vestan hafs, í Seattle óperunni og með símfónuhljómsveitunum í Spokane, Vancouver og Oregon.

Ms.



Sumargleðin ver verslunarmannahelginni fyrir norðan að þessu sinni. Í gærkvöldi voru þeir félagar Raggi Bjarna og Co, Bessi, Ómar, Þorgeir og Maggi í Hrisey, og að sögn tókst sú skemmtun óhemju vel. Í kvöld, verða þeir í „Sjallanum“ á Akureyri og annað kvöld, laugardag, í Skjölbrekku Myvatnssveit. Á sunnudagskvöld verða þeir síðan í Skúlagarði í Kelduhverfi.

Aður en dansleikirnir hefjast sjá þeir kumpánar gestum sínum fyrir tveggja tíma stanslausri skemmtidagskrá, sem aldrei hefur verið betri en einmitt nú á 10 ára afmæli Sumargleðinnar. Er þá ekkert annað eftir en að óska fólki góðrar skemmtunar.

— KP.

